# Vatnsvernd í varnarbaráttu

**Baldur Dýrfjörð**

Lögfræðingur HS Veitna

Stjórnarmaður í VAFRÍS

Morgunverðarfundur Vatns- og fráveitufélags Íslands og Háskóla Íslands um mengun í jarðvegi

Háskólatorgi, 23. október 2024

HS VEITUR

# Efnisyfirlit

- **HS Veitur reka samfélagslega mikilvæga innviði**
  - HS Veitur reka vatnsveitu á Reykjanesi og í Vestmannaeyjum.
  - HS Veitur fá vatn úr Lágum skammt norðan Svartsengis sem þjóna bæði vatnsveitunni en einnig hitaveitunni.
- **Áskoranir vegna Náttúruhamfara**
  - Virkjun varavatnsbóla við Árnarétt.
  - Virkjun vatnsbóla vegna þarfa neyðarhitaveitu.
- **Vatnsból á Rosmhvalnesi (Suðurnesjum)**
  - Áskoranir og áhætta!
  - Eftirlit og forvirkar aðgerðir?


1 Garður
2 Sandgerði
3 Hafnir
4 Reykjanesbær
5 Vogar
6 Grindavík
7 Hafnarfjörður
8 Garðabær
Vestan Lækjar
9 Eyrabakki
10 Stokkseyri
11 Selfoss
12 Vestmannaeyjar
Starfsstöðvar HS Veitna
Þjónustusvæði HS Veitna
Kalt vatn
Heildsala á köldu vatni
Heitt vatn
Rafmagn

# HS Veitur reka vatnsveitu á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum











# Neysluvatn – Heitt vatn

- **Nær allt neysluvatn fyrir Suðurnesin kemur frá Lágum** (fyrir utan Hafnir, Garð og Voga)
  - **Heita vatnið** fyrir svæðið kemur úr sama vatnsbóli (**upphitað kalt vatn**)
- **Vatnsból við Árnarétt fyrir Garð**
  - Varavatnsbóli komið upp þar (sjá síðar)
- ***Ógnir af eldsumbrotum***
  - Hraunrennsli yfir vatnsból og/eða stofnlagnir
  - Áhrif á grunnvatnsstrauma og/eða á efnasamsetningu grunn- og yfirborðsvatns?
  - Mögulega aukin áhætta eftir því sem kvikan teygir sig norðar



# Afstaða Lága gagnvart eldsumbrotunum

- Lágar og stofnkerfi vatnsveitu á Suðurnesjum
- Lágar eru í u.þ.b. 5 km fjarlægð frá Sundhnúkagígaröðinni



# Áskoranir vegna Náttúruhamfara

- Rétt að minna á vatnsþörf vegna svo nefndrar **lág-hitaveitu**
- Boranir hafa skilað ákveðnum lágmarks árangri - **frostfrí veita**
- Þarf varmaskipta – ekki hægt að nota jarðhita-vökvan beint inn á dreifikerfið – því kaldavatnsþörf samhliða nýtingu jarðhitans




HS VEITUR

# Vatnsból á Suðurnesjum

- Áratugum saman hafa Suðurnesjamenn virkjað kalt vatn með borholum.
- Gríðarlegur fjöldi hola verið boraður.
- Margar áskoranir
    - varnarliðið
    - atvinnustarfssemi
    - flugvöllurinn







HS VEITUR

# Áhyggjur af mengun ekki nýjar af nálinni

## Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á mengun í jarðvegi og grunnvatni við Keflavíkurflugv…

Flm.: Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfú…

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gangast fyrir rannsókn … jarðvegi og grunnvatni frá „varnarsvæðinu“ við Keflavíkurflugvöll.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga hliðstæð þessari hefur verið flutt áður á Al… að ganga. Í tengslum við tillöguna er lögð fram önnur þingsályktuna… til að umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu á Íslandi verði ran… Sigfússon er fyrsti flutningsmaður hennar en flutningsmaður þessarar t… ingsmaður.

Á undanförnum árum hafa verið dregin fram í dagsljósið fjölm… orðið hafa í nágrenni herstöðva víða um heim frá lokum síðari h… fákunnáttu voru menn lengi vel ekki á varðbergi og með ýmsu móti, ja…

Kort 1. Keflavíkurflugvöllur, TCE-mengun í grunnvatni.




Kort 2. Keflavíkurflugvöllur, PCE-mengun í grunnvatni.




HS VEITUR

# Áhyggjur af mengun ekki nýjar af nálinni

## Mengun í jarðvegi við Keflavíkurflugvöll

551. mál, þingsályktunartillaga
121. löggjafarþing 1996–1997.

- Tengd mál og efnisorð.

### Ferill málsins

- Þingsályktunartillaga

### Þingskjöl

| Útbýtingardagur | Þingskjal |
|---|---|
| 07.04.1997 | 909 þingsályktunartillaga |

Hlusta

## Mengun í gamla vatnsbólinu í Keflavík, Njarðvík og við Keflavíkurflugvöll

243. mál, fyrirspurn til skrifl. svars til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
152. löggjafarþing 2021–2022.

- Tengd mál og efnisorð.
- Innsend erindi og umsagnir (1).

### Ferill málsins

- Fyrirspurn
- Svar
- Tilkynning

### Tilkynning

### Þingskjöl

| Útbýtingardagur | Þingskjal | Flutningsmaður |
|---|---|---|
| 20.01.2022 | 343 fyrirspurn | Birgir Þórarinsson |
| 02.06.2022 | 1128 svar | umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra |

HS VEITUR

# Herinn borgar nýtt vatnsból !

“Ríkið gerði þá þannig samning við herinn að afsalað var endurkröfu rétti á hendur Bandaríkjastjórn.

Vatnsbólið, sem kostaði 540 milljónir króna, var talið nægar bætur um alla eilífð.”

**Ný vatnsból við Lága tekin í notkun árið 1991**

**Vatnsból sem nú búa við ógn af náttúruhamförum**



Helgar 9 blaðið

# Hvöttu börnin til að drekka mengað vatn



**Bandaríski herinn fann við rannsókn á árinu 1988 banvæn eiturefni í grunnvatni við vatnsból Keflavíkur og Njarðvíkur og víðar í nágrenninu. Vatn var drukkið úr vatnsbólunum allt til haustsins 1991 þegar tekið var í notkun nýtt vatnsból sem herinn borgaði fyrir. Ríkið gerði þá þannig samning við herinn að afsalað var endurkröfurétti á hendur Bandaríkjastjórn. Vatnsbólið, sem kostaði 540 miljónir króna, var talið nægar bætur um alla eilífð. Um svipað leyti og herinn komst að þessari mengun tóku**

Vegna þessa máls hefur Sigríður Jóhannesdóttir, varaþingmaður Alþýðubandalagins á Reykjanesi, lagt fram þingsályktunartillögu þar sem – ef tillagan fæst samþykkt – ríkisstjórninni er falið að gangast fyrir rannsókn á jarðvegi og grunnvatni við Keflavíkurflugvöll í þeim tilgangi að leiða í ljós hvort þar hafi á liðnum árum farið niður eiturefni. Efnin sem herinn rannsakaði fyrir fjórum árum eru einungis tvö en ekkert er vitað um önnur eiturefni sem kynnu að fyrirfinnast á svæðinu.

Eins og sést á kortinu hér við hliðina hefur mælst alvarleg TCE-mengun við fyrrum vatnsból Njarðvíkur, við vatnsból hersins og við Leifsstöð. Vatnsból hersins var strax tekið úr notkun og vatnsból

**Á kortinu sést TCE-mengunin á Keflavíkurflugvelli. Ljósustu svæðin sýna mengun sem mælist minni en 5 mg/l en dekkstu svæðin sýna mengun sem mælist yfir 100 mg/l. Hversu mikið þar yfir þetta mælist er ekki víst, mælitækin mæla það ekki.**

**PCE-mengunin á Vellinum er á minna svæði en hún er alvarlegri eigi að síður. Hún er ekki merkt inn á kortið en er á svæði milli Leifsstöðvar, gömlu ruslahauganna og Vatnsbóls Keflavíkur. Hitt svæðið þar sem PCE-mengun fannst nær frá vatnsbóli Njarðvíkur og teygir sig fyrst í vestur og síðan í suður í átt að vatnsbóli hersins.**

um þessa mengun. Hún gagnrýnir

magna hreinsunina. Hún sagði að

Eiður Guðnason umhverfisráðherra vildi ekkert segja um mengunarmálið á Suðurnesjum þar eð þingsályktunartillagan væri til umsagnar hjá ráðuneytinu. Yfirvöld virðast litlar áhyggjur hafa af þessari mengun á flugvallarsvæðinu og kom fram í máli utanríkisráðherra að hann teldi að grunnvatnsmengunin hefði verið svo rækilega könnuð að litlar líkur væri taldar á því að til þess kæmi að krafist yrði bóta vegna skaðaverkana af mengunarvöldum sem raktar yrðu til hersins.

HS VEITUR

# Áskoranir vegna Náttúruhamfara

- Ákveðið að koma upp varavatnsbóli fyrir Suðurnes*
- Virkjun **aukin** í vatnsbólum við Árnarétt (tvær nýjar holur)
- Annar grunnvatnsþörf heimila og almennra fyrirtækja (ekki stórnotenda – takmarka þyrfti vatnsnotkun)
- **Kröfur komu fram um aukna vöktun – vatnshlot undir álagi**

- *(Rosthvalnes en þar búa Rosthvelingar, sbr. Árna Mag. í Chorographica Islandica).



HS VEITUR

# Vatnshlotið á Rosthvalnesi

- Vatnaáætlun Íslands 2022-2027
- Rosmhvalanes 2 – Áætlun um skipulag yfirlitsvöktunar (ÍSOR-2021)
- Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024
- Eiginleiki grunnvatnshlots undir efnaálagi (Veðurstofa Íslands 2020)*
- Ýmsar skýrslur unnar af VERKÍS fyrir ISAVIA
- Skýrslur unnar fyrir Kadeco – þróunarfélag
- o.fl.

*** 4.1.4 Niðurstaða**

Sú mynd sem liggur fyrir varðandi grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 er í stórum dráttum eftirfarandi:

1) Umtalsverð grunnvatnsmengun er í hluta grunnvatnshlotsins og þar er vatn mengað og jafnvel óhæft til drykkjar.

2) Mengunin er mest grennd við flugvallasvæðið og stafar það af miklu álagi sem:

a) Fylgdi starfsemi varnarliðsins

b) Hugsanlega stafar af aukinni umferð um Keflavíkurflugvöll undanfarandi ár

HS VEITUR

# Svæðisskipulag




**Vatnsverndarsvæði** (texti úr Svæðisskipulagi)

- Berggrunnur á Suðurnesjum gerir svæðið mjög sérstakt m.t.t. öflunar neysluvatns. ***Lek jarðlög gera það afar viðkvæmt fyrir mengun*** og því kallar skilgreining vatnsverndar á takmörkun landnotkunar á tiltölulega stóru svæði.
- Vatnstökusvæði eru að nokkru leyti sameiginleg. Vatnsból Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Garðs og Keflavíkurflugvallar er í Lágum. Hluti neysluvatns í Garði kemur úr Árnarétt á Miðnesheiði. Vatnsból Voga er í borholum Þráinsskjaldarhrauni sunnan byggðarinnar og neysluvatn fyrir Hafnir kemur úr hrauninu austan byggðarinnar. Mörg smærri vatnsból eru á svæðinu.
- **Vel skilgreind vatnsvernd er óvíða mikilvægari en á Suðurnesjum þar sem vatnsból eru viðkvæm fyrir mengun.** Tryggja þarf gæði neysluvatns fyrir stækkandi byggðir á svæðinu og fjölþættan atvinnurekstur sem byggir á hreinu vatni, s.s. matvælaiðnaður

HS VEITUR

# Vatnsvernd í varnarbaráttu

- **Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011**
  - Umhverfisstofnun (aðgerðar- og vöktunaráætlun)
  - Sveitarfélög (framfylgja kröfum í aðgerðaráætlun)
  - Stofnanir ríkisins og heilbrigðiseftirlitin (vöktun gæðaþátta)
- **Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun**
  - Vöktunaráætlun – yfirlitsvöktun m.a. m.t.t. áhrifa mannsins. Á sérstaklega við um **vatnshlot undir álagi**.
  - Umhverfisstofnun að höfðu samráði við viðeigandi fagaðila skal koma upp vöktunarneti.
- **Reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg**
  - Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun hafa eftir því sem við á og í samræmi við IV. kafla, **umsjón og eftirlit með aðgerðum** er lúta að viðbrögðum við mengun jarðvegs eða yfirvofandi hættu á slíkri mengun.
  - Skyldur mengunarvalds / rekstraraðila → lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- **Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 (ásamt síðari breytingum)**
  - 12.1 Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og **vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn** geti hrakað eða spillst. Þessar ráðstafanir felast m.a. í ákvörðun um verndarsvæði og setningu heilbrigðissamþykkta, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gerðar eru takmarkanir viðvíkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna innan verndarsvæðanna.
  - Flokkkun verndarsvæða
  - Ráðstafanir vegna verndarsvæða
- **Skipulagslög nr. 123/2010**
  - Gera skal grein fyrir í skipulagsáætlunum:
    - Vatnsvernd
    - Náttúruvá

HS VEITUR


Takk fyrir !
HS VEITUR